



Pistill skólustjóra

Matseðillinn fylgir hér með eins og venjulega. Að þessu sinni fengum við unglingana með okkur í að skoða og skipuleggja matseðilinn. Takk fyrir það unglingar.

Foreldraviðtölin voru í janúar og foreldrar komu í skólann en gættu að sjálfsögðu sóttvarna. Eftir viðtölin kom bréf frá Mennta- og menningarmálaráðherra til allra skóla í landinu (sem sagt aðeins of seint fyrir okkur) þar sem hann ítrekar að við gætum okkar áfram þó staðan sé betri og að við boðum ekki foreldra í skólann nema brýna nauðsyn beri til. Okkur er heimilt að fá starfsfólk skólaþjónustu, hjúkrunarfræðings og þá sem koma með erindi en þeir verða að vera með andlitsgrímur. Hann hvetur alla að leggjast á sveif með skólum landsins og standa áfram vörð um skólastarf.

Skólaskákmót verður í febrúar, það er ekki komin dagsetning. Keppt er í tveimur flokkum 1.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Í eldri flokknum keppa allir við alla en í yngri er teflt eftir Monrad kerfi, sem er þannig að sigurvegarar í fyrstu umferð keppa innbyrðis í næstu umferð. Síðan raðast þeir saman sem hafa flesta vinninga.

Þorablótið sem verður 4. febrúar verður með breyttu sniði. Það verður hluti af skóladeginum og þorramatur verður í hádeginu. Eftir matinn verður farið í leiki og dansað.

Skólaráðsfundur verður 10. febrúar. Það eru tveir fulltrúar foreldrar og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði. Þið fenguð frá þeim skjal um samstarf heimilis og skóla, ef þið hafið einhverjar athugasemdir um breytingar getið þið komið þeim til þeirra. Einnig ef það er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri um skólann er þetta ein leið til þess. Ykkur er að sjálfsögðu líka alltaf heimilt að ræða við skólustjóra.

16. febrúar verður skólaþjónustan í heimsókn og einnig starfsmenn Keldunnar. Hér er slóð á upplýsingar um Kelduna. <https://www.nordurthing.is/is/thjonusta/felagsthjonusta/keldan>.

Öskudagsgleðin getur ekki verið eins og áður þ.e.a.s. við getum ekki boðið foreldrum að koma í gleðina. Við ræddum við nemendur um hvernig þeir vildu hafa gleðina og niðurstaðan var að hafa hana eins og hún hefur verið nema án foreldra.

16. febrúar verður grímuball fyrir alla kl. 18:00-20:00, nemendasjoppa verður opin en einnig mega nemendur hafa með sér nammi. Skólabíll keyrir.

17. febrúar verður öskudagsgleði í íþróttahúsinu á skólatíma.

Á döfinni

- 3. feb – Opið hús 6.-10. bekkur
kl 19:30-21:30. Ekki akstur
- 3. feb – Lífshlaupið hefst
- 4. feb – Þorablót
- 9. feb - Hreyfidagur
- 10. feb – Skólaráðsfundur
- 16. feb – Grímuball
- 22.-23. feb - Vetrarfrí

Grænfáninn

Við erum að klára að gera umhverfissáttmálann okkar sýnilegan. Annars erum við að fara vinna með eitt af þeim grænfánans og þemað núna er vatn.

Lífshlaupið hefst
3. febrúar

Heilsueflandi grunnskóli

Eftir niðurstöður úr vímuefnakönnuninna sem að gerð var á haustönninna kom í ljós að við gætum bætt okkur í fræðslu og forvörnum og því var ákveðið að gera betur í þessu á vorönninni og í janúar kom lögreglan með forvarnarfræðslu fyrir 7.-10. bekk. Í febrúar mun svo þessi samihópur fá forvarnarfræðslu um nikótín og orkudrykki.

Lífshlaupið hefst svo 3. febrúar.

4. – 6. bekkur

Nemendur eru nú að vinna að kynningu á Óskalandinu sínu og gengur það vel. Vonandi munu þeir klára það innan tveggja vikna og kynna það fyrir öðrum nemendum skólans sem og starfsfólki.

Einnig hafa nemendur fylgst með veðrinu í eina viku og munu svo vinna úr upplýsingunum á ýmsan hátt.

7. – 10. bekkur

Nemendur hafa ekki verið að vinna í neinu sérstöku þema í janúar líkt og þeir gerðu fyrir jól, heldur unnið meira í bókunum og leyst verkefni þeim tengdum t.d. lesa Laxdælu, leysa netverkefni á ensku, læra efnafræði og um mannlíkamann. Þeir byrjuðu einnig á nýju verkefni í áhugasviðinu sem kallast Tannhjólíð, þar sem nemendur gerast rannsakendur, hönnuðir, uppfinningamenn, framleiðendur og seljendur sinnar eigin vöru. Nemendur koma með hugmynd að framkvæmd og vinna eftir skrefum hönnunarhugsunar. Í þessu verkefni er mikil samþætting milli bóklegs náms, sköpunar og iðn- og tæknigreina. Þá á það einnig að stuðla að betri tenginu milli samfélags, vinnumarkaðar og skóla.

Lögreglan kom og var með fræðslu um ólögleg fíkniefni og skaðsemi þeirra, voru nemendur mjög áhugasamir og sköpuðust miklar og góðar umræður. Fyrirlesturinn er hluti af forvarnarfræðslu skólans og kemur í framhaldi af könnun, sem send var á nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.

Jákvæður agi

Í janúar og febrúar er þemað að efla samvinnu og tókum við eina kennslustund 21. janúar í að æfa samvinnu nemenda með leikjum. Allir nemendur tóku þátt og þeim var skipti í hópa þvert á bekki og þurftu þeir að vinna saman við lausn leikjanna/þrautanna. Samvinnan gekk mjög vel og eiga krakkarnir hrós skilið.



Sýndu traust



Æfingin skapar meirtarann.... brjóttu verkefni niður í smærri búta...

Þegar við sýnum börnunum okkar traust öðlast þau hugrekki og sjálfstraust.

1. Í staðinn fyrir að laga, halda fyrirlestur, „redda“ eða „bjarga málum“ fyrir barnið segðu: „Ég treysti þér til að sjá um þetta.“
2. Reynslan þjálfar börn í að leysa vandamál, einnig að upplifa og afbera vonbrigði.
3. Viðurkenndu tilfinningar barnsins: „Ég veit þú ert í uppnámi, ég væri það líka, en ég hef trú á þér.“

1. – 3. bekkur

Við í 1. – 3. bekk höfum í janúar verið dugleg að æfa okkur í skák, leika okkur í snjónum, æfa okkur að lesa og læra eitthvað nýtt á hverjum degi.

Dagskrá Reykjahlíðarskóla febrúar 2021

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
1. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og sósa.	2. Gúllas, kartöflustappa, grænmeti og brún sósa.	3. Fiskur með rjómaostasósu, grænmeti og hrísgrjón. Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Ekki akstur.	4. Þorramatur. Þorablót á skólatíma.	5. Mexícosúpa, tortillaflögur og sýrður rjómi.	6.	7.
8. Slátur, kartöflustappa, grænmeti, jafningur og kartöflur.	9. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og sósa. Hreyfidagur kl. 13:45.	10. Tortillur, kjúklingur, hrísgrjón, grænmeti og salsa sósa. Skólaráðsfundur kl. 13:30.	11. Plokkfiskur, grænmeti og rúgbrauð.	12. Grjónagrautur, slátur og brauð.	13.	14.
15. Fiskibollur, kartöflur, grænmeti og sósa. Rjómaþolla. Bolludagur	16. Saltkjöt og baunir, kartöflur og grænmeti. Grímuball fyrir alla kl. 18-20 Skólaþjónustan og Keldan í heimsókn. Sprengidagur	17. Pylsur í brauði. Öskudagur	18. Soðinn fiskur, kartöflur og grænmeti.	19. Kjötsúpa og brauð.	20.	21.
22. Vetrarfrí	23. Vetrarfrí	24. Fiskur í orly, kartöflur, grænmeti og sósa.	25. Pizza og grænmeti.	26. Skyr og brauð.	27.	28.